

Fornleifaskráning
Hafnarfjörður
Óttarstaðakot



Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur

Byggðasafn Hafnarfjarðar
janúar 2010

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Óttarstaðakot

Inngangur

Að beiðni Skipulags- og byggingasviðs Hafnarfjarðar var Byggaðsafni Hafnarfjarðar falið að sjá um fornleifaskráningu í landi Óttarsstaða neðan Reykjanesbrautar. Jafnframt voru skráðar fornleifar í landi Óttarstaðakots sem er í landi Óttarsstaða.-

Óttarstaðakot fornleifaskráning.

Til athugunar er að svæðið verði notað undir ný hafnarmannvirki.

Fornleifaskráning á vettvangi og skráning í "Fornleif" sem er gagnagrunnur Byggaðsafns Hafnarfjarðar fór fram að hluta til í júlí og ágúst 2006, síðan í júní 2007, júlí 2008. Þá fór fram lokaathugun á svæðinu í maí 2009. Skráðar voru 13 fornleifar í landi Óttarstaðakots, þar Fornleifar í landi Óttarsstaðakots voru skráðar 14. Skráningu á vettvangi ásamt skráningu í Fornleif var gerð af Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðingi fil mag.

Skráning fornleifa í landi Óttarstaðkots hefur ekki áður farið fram.

Árið 1998 var gerði "Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði" á vegum Fornleifastofnunar Íslands, sem unnin var af Hildi Gestsdóttir og Sædísí Gunarsdóttir. Þessi skráning er heimildaskráning.

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, Hafnarfirði veitti leiðsögn og upplýsingar um skráningarsvæðið, ásamt yfirlstrar á texta fornleifaskráningarinnar, og er honum vel þökkuð aðstoðin.

Einnig þakkir til Lovísu Ásbjörnsdóttur, af Óttarsstaðaætt fyrir afnot af óút~efnu efni sem hún hefur tekið saman varðandi byggingar og ábúendur á Ottarsstöðum og Ottarstaðakoti ..

Skýrslan greinir frá athugunum og upplýsingum um hvern stað, hættumati og hættuorsökum þar sem við á. Í niðurstöðum er greint frá hvar sérstaklega þarf að hafa gát á vegna verklegra framkvæmda eða annarra framkvæmda sem gætu farið fram í eða við fornminjarnar.

Númer fyrir aftan Heiti er vinnunúmer til hagræðingar fyrir skrásetjara.

Fornleifur: Gagnagrunnur fyrir fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Forn/elfur inniheldur* fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.

Gagnasafn *Fornleifs* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. GPS hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdráttar og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innslætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins og telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.

Fornleijur veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

Númer jarðar

Í *Jarðatali J Johnsen*¹ frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Jörðin fær það númer í gagnagrunni Byggðasafnsins. Síðan fær hver fornleif á viðkomandi jörð undirnúmer sem telur fjölda skráðra fornleifa innan landamerkjara jarðarinnar. Þetta númerakerfi er notað almennt við skráningu fornleifa á Íslandi.

Landareign og númer landareignar

Gildið *Landareign* á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið *landsnúmer* sem fært er inn í gagnagrunninn.

Fyrir fyrirhugað deiliskipulagssvæði í Sléttuhlíð eru mörg númer, þar sem landið skiptist á milli margra eigenda. Því er ekki skráð inn neitt heildarnúmer fyrir svæðið.

Sérheiti

Hafi fornleif ákveðið *heiti* er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

Tegund minja

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

Hlutverk

Hugtök sem lýsa vel hvaða hlutverki viðkomandi minjar hafa haft, eins og bæjarhóll, bryggja, fjárborg, legstaður, náma. o.s.frv. Effleiri en eitt hlutverk koma til greina á sama mannvirkið er reynt er að nota það heiti sem lýsir því best, en hinna heitana er einnig getið, á eftir því hlutverki sem er fyrst nefnt, eða því gert skil í athugasemdum eða lýsingu á viðkomandi mannvirki.

Friðlýsing

Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð, ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðuð hafi átt sér stað.

GPS staðsetning

Samkvæmt vinnureglu er *GPS hnit* tekið sem næst miðju fornleifar og hnitíð fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

¹ J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.

Aldur

Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum:

-1550, 1550-1900 og 1900-. Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé ártal hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

Ástand

Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: *Ágætt* ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, *Sæmilegt* ef fornleif er nokkuð heilleg, *Lélegt* ef fornleif er mikið röskuð og *Horfin* ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

Hættumat

Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: *Ábúð*, *Nýbyggingar*, *Efnistaka*, *Ekkert*, *Landeyðing*, *Landgræðsla*, *Skepnur*, *Uniferð*, *Vegagerð*, *Annað*, *Skógrækt*, *Skógrækt* og *göngufólk*, *Landbrot*.

Hætta

Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum:

Mikil, *Talsverð*, *Lítill* og *Engin*. Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleift.d. undir skemmdum eða hætta sé á riski.

Minjagildi

Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: *Hátt*, *Talsert*, *Lítið* og *Ekkert*.

Friðlýsing

Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð, ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðuð hafi átt sér stað.

Lega og staðhættir

Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til *legu* og *staðháttu*, með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kotagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

Lýsing

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, veggjahæð, steinastærð í hleðslum, ásamt einkennandi þáttum og almennu ástandi á skráðri fornleif.

Athugasemdir

Inn í *athugasemdir* eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu.

Heimildir

Vísað er til *heimilda* um hverja fornleif fyrir sig, jafnt ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

Ljósmyndir

Myndreitir eru til innskönnunar fyrir myndir. Myndtexti segir til um í hvaða átt mynd er tekin, og annað sem er auðkennandi fyrir viðkomandi fornleif

Teikningar

Við skráningu fornleifa á vettvangi er viðkomandi fornleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti og er jafnan er stuðst við niðurstöður áttavita. Sé fornleif mæld upp er þess sérstaklega getið í texta með teikningunni.

Óttarstaðkot

Sögulegt yfirlit

Jarðabók Johnsens 1847 segir:

Óttarstaðakot er hjáleiga, þar er ekki gefin upp dýrleiki, landskuld eða kúgildi, en ábúandi er einn leiguliði. Jarðanúmer er 164.

Í skýringum með Óttarsstöðum segir Jarðabók Johnsens: Þó að hvorki prestur né sýslumaður nefni hjáleiguna, er hún samt talin með, meðfram vegna ábúenda tölu sýslumanns á öllum Óttarsstöðum, enda var hún byggð 1803.¹

Túnkort frá 1917: Á það er skrifað: Óttarstaðakot. Tvískift (Nýjakot? Með Óttarsst.) Kotið 0.7 teigur Kálgarður 190 m²

Túnakortið greinir einnig frá því að austur afbæjarhúsum séu klappir, grjót og hólur.

Vorið 1966 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að að nota heimild í 26. grein skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krísuvíkurvegar sem lagður var undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með lögum nr. 46/1964. Þar á meðal var jörðin Óttarstaðir, þar með talið gamla býlið Óttarstaðir II og Óttarstaðagerði.²

Óttarstaðkot-Eyðikotið-Óttarstaðagerði

Ólík nöfn hafa verið yfir Óttarsstaðkot en samkvæmt Jarðabók Johnsens er nafnið Óttarstaðakot og er fornleifaskráningin miðuð við það nafn.

En Jarðatali J Johnsen¹ frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Jörðin fær það númer í gagnagrunni Byggydasafnsins, númerið 164 .. Síðan fær hver fornleif á viðkomandi jörð undirnúmer sem telur fjölda skráðra fornleifa innan landamerkjara jarðarinnar. Jarðanúmer Johnsens er númerakerfi sem er almennt notað við skráningu fornleifa á Íslandi.

¹ J. Johnsen Jarðatal 1847. bls. 91

² Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 Ibindi, bls.114.

¹ J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Bls. 91 Kaupannahöfn.

Örnefnskrá: Gísli Sigurðsson segir frá Eyðikotinu sem er rétt austur afhúsunum sem nú er neðri Óttarsstaðir, þar segir enfremur að það sé þurrabúð frá Óttarsstöðum. Í samantekt á óútgefnu efni Lovísu Ásbjörnsdóttir af Óttarsstaðætt (2008) sem heitir "Hraunin og Hraunfólkið" nefnir hún Eyðikotið - Óttarsstaðagerði.⁴

Árið 1966 áskilur Hafnarfjarðarbær sér forkaupsrétt að öllum lóðum og fasteignum í Hafnarfirði vestan Krisuvíkurvegjar, og er þar nefnd jörðin Óttarsstaðir, þar með talið gamla býlið Óttarsstaðir II og Óttarsstaðagerði.

Niðurstöður

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknnum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:
[...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á.

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til". Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram.

Þá segir í Húsafriðunarlögum 6. gr:

Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá Húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa

Þessi Fornleifaskráning eru fornleifar í landi óttarsstaðakots neðan Reykjanesbrautar.

Þrátt fyrir þá mikla uppbyggingu sem átt hefur sér stað á síðustu árum, hefur Óttarsstaðaland þá sérstöðu að vera ósnortið búsetulandslags í landi Hafnarfjarðar. Og vart hægt að finna viðlíka vel varðveitt búsetulandslag á öllu Íslandi.

En vegna nærveru álversins hefur íbúðabygð ekki verið talin ákjósanleg í landi Óttarsstaða, og því hefur varðveist þessi óviðjafnalega heildarmynd afbúsetu sem sýnir hvernig landið var nýtt af þeirri kynslóð sem bjó þar og lifði bæði til sjós og lands á 19. og 20. öldinni.

³ Gísli Sigurðsson, Örnefnastofnun. Gullbringusýsla. Garðabær. Óttarsstaðir bls. 2. Örnefnstofnun Íslands.

⁴ Lovísa Ásbjörnsdóttir 2008. Óútgefið efni "Hraunin og Hraunfólkið".

Óttarstað kot er hluti af áttarstaðalandinu og er því hluti af búsetulandslagi Óttarsstaða sem heildar það má því segja að þessi hluti landisins sé hluti af stærra landsvæði og ekki hægt að skilja það frá, þar sem upphaflega hafi landið verið hluti af heimajörðinni. Samkvæmt heimildum frá 1803 er þar um að ræða hjáleigu sem þá hefur verið stofuad til.. Það gildir því það sama um áttarstaðakot og óttarsstaði hvað varðar að varðveita búsetulandslagið. En heimildir eru frá 1550 um jörðina Óttarsstaði sem segir að jörðin hafi verið í eigu Viðeyjarklaustur, en varð síðan konungsjörð með siðaskiptunum.⁵

Fyrir utan það að sjá búsetulandslagið eins og það birtist okkur, með mjög heillegum minjum þá má gera ráð fyrir að undir sverðinum séu eldri minjar um fyrri búsetu í landi Óttarstaðkots, þegar landið var hluti af Óttarsstaðajörðinni.

Það sem ætti að vera mögulegt væri að varðveita þetta sem búsetulandslag sem heild til framtíðar þar sem þetta er einstakt tækifæri fyrir komandi kynslóðir sem hefur óumdeilanlega mjög mikið og stórt sögulegt gildi þar sem á Íslandi er ekki að finna slíka heildarmynd búsetulandslags frá þessum tíma. Þar sem svæðið er námunda við mesta þéttbýli landsins getur það nýst til margskonar útivistar og upplifunnar á náttúru og þessa vel varðveittu heilstæðu mynd afbúsetuminjum sem ber að hlúa að til framtíðar.

Samantekt á niðurstöðum

Húsið (1) sem nú stendur í landi Óttarstaðkots var byggt af Bergsteini Sveinssyni og í steinhleðslu húsveggisins eru höggirnir stafirnir BS og ártalið 1864, sem er upphafstaðir Bergsteins og byggingar ár hússins.

Með tilvísan Húsafriðunarlaga er eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá Húsafriðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Það þarf því leyft Húsafriðunarefudar ríkisins sem er löggildur umsagnaraðilli um friðuð hús ef fyrirhugaðar eru einhverjar framkvæmdir með húsið, áttarstaðakot. Hugsanlega hefur staðið á sama stað önnur bygging áður en núverandi hús var byggt. Undirlag hússins Óttarstaðkots fellur undir 10 gr. Þjóðminjalaga um umröskun á fornminjum.

Austan í túngarðinn kringum Óttarstaðakot stendur smá hús sem var smiðja (2). Á túnakorti frá 1917 er sýnd bygging á þessum stað. En á ljósmynd frá 1976 er ekki bygging á þessum stað, en á yngri myndum sést þarna smá hús. Undirlag hússins má því reikna með að sé eldra en 1917.

Veggjahleðslur (3) bátaskýlis og geymslu. Bygging á Túnakorti frá 1917. Brunnur (4) hleðslusteinarnir í brunnopinu.

Tóft (5) nokkuð vel varðveitt fjárhústóft, veggir vel afmarkaðir í landinu, er á Túnakort frá 1917.

Túngarður (6) kringum afmarkað svæði þar sem er matjurtagarður og fast við suðurhlíð túngarðsins er stekkur.

Stekkur (7) óljós dæld utan veggjar á suðurhlíð túngarðsins, hleðslur við austurhlíð. Matjurtagarður (8) er innan túngarðs (6)

Brú (9) Vegabót, hleðsla sem styður við uppbyggðan vegaspotta.

⁵ Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfúlýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004.

Brunnur (10) Brunnhleðsla í jarðsigi sem samkvæmt Örnefnaskrá heitir Kerið eða Eyðikotskerið.
Túngarður (11) í kringum heimatúnið við Óttarstaðakot.
Hjallabyrgið (12) í byrginu voru fisktrönnur og var þar hert grásleppa og annar fiskur, eins og segir í Örnefnaskrá. Hjallabyrgið er alveg hrúnið, en hleðslugrjótið liggur á afmörkuðu svæði í kringum smá grasblett sem hefur verið hluti af gólfi byrgisins.
Eyðikotsvör eða Óttarstakotsvör (13) er sama vörðin og Óttarsstaðavör.
Samkvæmt túnakorti frá 1917 hafa verið byggingar (14), m.a. smiðja. Svæðið hefur verið sléttað.

Ef kemur til einhverja framkvæmda í landi Óttarstaðakots eru framantaldar fornleifar í hættu samkvæmt þjóðminjalögum og að auki er hús og smiðja friðuð samkvæmt Húsafriðunarlögum.
Það má einning ítreka það að Óttarstaðakot er hluti af búsetulandslagi Óttarsstaða jarðarinnar og sýnir fjölbreytileika búsetunnar sem heildar.

Heimildir:

Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I bindi, bls. 114.
Gísli Sigurðsson. Örnefnastofnun. Gullbringusýsla. Garðabær. Óttarsstaðir bls.2
Guðmundur Benediktsson hrl. Kröfulýsing Hafnarfjarðarbæjar frá 3. júní 2004. Örnefnastofnun Íslands.
J. Johnsen 1847. Bls. 91 Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.
Lóvís Ásbjörnsdóttir 2008. Óútgefið efni "Hraunin og Hraunafólkið".

Heimildarmenn:

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, Hafnarfjörður.
Lóvís Ásbjörnsdóttir af Óttarsstaðaætt.

Kort:

Götur og gamlar leiðir. Jónatan Garðarsson.
Eyktarmörk í landi Óttarsstaða: Lóvís Ásbjörnsdóttir

Óttarstaðakot

164/1

Heiti.....Óttarstaðakot/Eyðikot 215
Tegund.....Hús
Hlutverk.....Híbýli
Gps-hnit..... N 064°02.759' W 022°03.656'
Aldur.....1860- 1864
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

óttarstaðakot er neðan við vegslóðan sem liggur að Óttarslöðum, sunnan við slóða sem liggur niður að sjó að Nýjakotsvör. Land óttarstaðakots er afmarkað af túngarði sem liggur um landið niður að sjó.

Lýsing

Timburhús með þremur burstum. Upphaflega var húsið aðeins ein burst en síðan verið byggt við það. Grjóthleðsla er undir austasta hluta hússins, sem er elsti hluti þess og er allt að 1.20 má hæð. Í steinhleðsluna er klapparð stafirnir BS (Bergsteinn Sveinsson) og ártalið 1864, en það er byggingarár hússins.

Á túnakort frá 1917 er sýndur matjurtagarður frá húsinu út að smiðjunni sem ekki er sýnilegur f dag.

Athugasemdir

Örnefnaskrá: Óttarstaðakot/ Eyðikotið var þurrabúð frá Óttarsöðum. Það fór í eyði fyrir 30 -40 árum (segir í örnefnaskrá útgefin 1980) en bærinn stendur enn og er notaður sem sumarbústaður.

Lovísa Ásbjörnsdóttir: Það var Bergsteinn Sveinsson fæddur Þingvallasókn (1831-1895) bóndi og smiður sem byggði húsið 1864 eins og sést klappað í stein í hleðslunni undir húsinu, ásamt upphafstöfum hans BS. Árið 1860 giftist hann Guðrúnu Hannesdóttir (1833-1914) úr Njarvíkursókn. Þau eignuðust 7 börn:

Sveinn (1861-?) stundaði sjó á þilfarsskipum.

Þórunn (1864-1949) fædd í Óttarstaðagerði ógift.

Guðmundur (1866-1937) vann við smiðar, stundar sjó og skepnuhald.

Steinunn Kristrún (1870-1942) ógift.

Vilhjárnur og Guðjón tvíburar (1873- ?).

Guðrún. (1877-1957) fædd í Óttarstaðgerði- Giftist 1899 Sigurði Kr. Sigurðssyni (1875-1955).

Þau Guðrún. og Sigurður kaupa sama ár Óttarstaði eystri, og hefja búskap þar.

Einnig var alinn upp í Eyðikotinu Gústaf Brynjólfsson (1906- ?)

Hann giftist síðan Önnu Jónsdóttir úr Eyjafirði.

Síðustu ábúendur í Eyðikotinu voru þeir bræður Sveinn og Guðmundur.

Árið 1956 var húsið gert upp og var notað sem sumarhús.

Árið 1980 var þriðja burstin byggð við.

Ábúendatal Óttarstaðakot 1890:

Bersteinn Sveinsson bóndi (60) Guðrún Hannesdóttir kona hans (58)

Sveinn (29), Guðmundur (24), Steinunn (20) Guðrún (14), Jóannes Jónsson tókubarna (7).

Ábúendatal 1899-1901:

Guðrún Hannesdóttir (67)

Sveinn (41), Guðmundur (33), Steinunn (29)

Ábúendatal 1912:

Guðrún Hannesdóttir (78)

Sveinn (51), Guðmundur (47), Steinunn (43)

Gústaf Brynjólfsson tókubarn (6).

Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá- Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. örnefnastofnun íslands, 1980.
Upplýsingar frá Lovísa Ásbjörnsdóttir af Óttarsstaðaætt, í desember 2008 óútgefið efni.
Þjóðskjalasafn Íslands Túnakort frá 1917.



Horft í austur, elsti hluti hússins er lengst til hægri á myndinni.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/2

Heiti.....Smiðja 068
Tegund.....Hús
Hlutverk.....Smiðja
Gps-hnit..... N 064°02.767' W 022°03.632'
Aldur.....eftir 1864
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Í austur frá óttarstaðkoti innan heimagirðingar smiðjan er byggð utan í túngarðinn sem er í kringum Óttarstaðakot

Lýsing

Smiðjan stendur utan í túngarðinum. grasivaxnir hlaðnir veggir um 1.50 m hæð og um 1 m á breidd eru upp að þakkanti timburhússins, að inngangi hússins er niðurgroftur um 2 m x 1.50 m, um 1.60 m djúpur næst dyrum en hækkar upp og er um 0.50 m þar sem stigið er niður. Húsið er um 2.15 m hátt upp í mæni.


Athugasemdir

Óttarstaðakot er bygg 1864 samkvæmt ártali sem klappað er í stein við útvegg hússins. Bygging er á tunkorti frá 1917. En á mynd frá Óttarstaðkoti frá 1976 er þarna ekk bygging.

Heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.

Upplýsingar frá Lovísu Ásbjörnsdóttir af óttarstaðaætt í desember 2008.



Horft að smiðjunni til vesturs.

Teikning: Smiðjan.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/3

Heiti.....Bátaskýli 229
Tegund.....Tóft
Hlutverk.....Bátaskýli/geymsla
Gps-hnit..... N 064°02.781' W 022°03.647'
Aldur.....1900 -
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Tóftin er um 60 m í norður frá Óttarstaðakoti.

Lýsing

Tóftin er hlaðin inn í hól, ytri veggir tóftarinnar renna saman við landið í kring. Innriveggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, steinastærð um 0.25-0.40. Fyrir enda tóftarinnar er klettur og eru hleðslur í kringum klettinn sem verða að gaflvegg. Hleðsluhæð fyrir enda er um 2 m, en langveggir eru um 1.50 m hæð. Í jarðhæð með vesturveggnum er hleðslukantur um 0.30 m á hæð og 0.40 m breidd. Tóftin er alveg opin til vesturs, sem bendir til þess að tréþil hafi verið á þeirri hlið.

Athugasemdir

Jónatan Garðarsson: Húsið stóð sem þarna stóð var bátaskýli, og notað undir veiðalfæri. Húsið var með gafl úr timbri og bárujárnsþaki. Það var eyðilagt fyrir nokkrum árum þegar svæði 'ottarsstaðakots' var gert að leiksvæði fyrir Paint boll.


Heimildir

Jónatan Garðarsson heimild í október 2009.

Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort 1917.



Horft inn í tóftina til austurs.



Teikning, tóftin.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Óttarstaðakot

164/4

Heiti.....Brunnur 271
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Brunnur
Gps-hnit..... N 064°02.799' W 022°03.586'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Innan garðs frá óttarstaðakoti um 50 m í norður.

Lýsing

Brunnurinn er í smá laut, smá graskantur er í kringum hann á norður og austurhlið, en hann rennur mikið saman við landið í kring. Það má sjá í hleðslusteina í brunnopinu sem er um 0.60-0.80 m að stærð. Dýpt brunnsins er um 0.80 m. Steinastærð í hleðslum er 0.30-0.45 m

Athugasemdir

Heimildir



Horft í norður, brunnurinn til vinstri.

Óttarstaðakot

164/5

Heiti.....	Fjárhús 214
Tegund.....	Tóft
Hlutverk.....	Fjárhús
Gps-hnit.....	N 064°02.759' W 022°03.684'
Aldur.....	1550-1900
Ástand.....	Sæmilegt
Hættumat.....	Nýbyggingar
Hætta.....	Mikil
Minjagildi.....	Hátt
Friðlýst.....	Nei

Staðhættir

Tóftin er rétt vestan við hlið á túngarðinum að Óttarstaðakoti.

Lýsing


Tóftin er grjóthlaðin en mjög grasivaxinn, Tóftin er tvö hólfi Steinastærð 0.25-0.40 m.

Hleðslur sjást vel í endaveggjum, hleðsluhæð um 0.50 m og á langhliðum að innanverðu, hleðsluhæð um 0.40 m. en lækkar aðeins að inngangi. Inngagnur i tóftina er í bæði hólfin í norður.

Athugasemdir

Heimildir

Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort frá 1917.



Horft til vesturs að tóftinni sem er fyrir miðri mynd Teikning, tóftin.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/6

Heiti.....Túngarður 200
Tegund.....Garðlag
Hlutverk.....Túngarður
Gps-hnit..... N 064°02.742' W 022°03.691'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Í um 25 m frá Óttarstaðakoti suður, norðaustan við götuna sem liggur að óttarsstöðum við hlið sem er á veginum inn á heimaland óttarsstaða og liggur meðfram undirhleðslugirðingu sem liggur í norður frá hliðinu.

Lýsing

Garðahleðslan er nokkuð heilleg, hleðsluhæð allt 0.80 m en yfirleitt um 0.40 m, steinastærð 0.20-0.40 m. Hleðslur nokkuð mosavaxnar. Við vesturhlið garðsins sem er hluti af undirhleðslugirðingu sem liggur því næst suður-norður má sjá móta fyrir matjurtagarði sem er norð-vesturhorni gerðisins.

Athugasemdir

Heimildir



Horft yfir túngarðinn til norðurs að Eyðikotinu.



Teiknig, túngarðurinn matjurtagarðurinn efst til vinstri.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Óttarstaðakot

164/7

Heiti.....Stekkur 200
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Stekkur
Gps-hnit..... N 064°02.742' W 022°03.691'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Lélegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Í um 25 m frá Óttarstakoti í suður, norðaustan við götuna sem liggur að óttarsstöðum við hlið sem er á veginum inn á heimaland óttarsstaða og liggur meðfram undirhleðslugírðingu sem liggur í norður frá hliðinu.

Lýsing

Túngarðshleðslan er nokkuð heilleg, hleðsluhæð allt 0.80 m en að mestu um 0.40 m, steinastærð 0.20-0.40 m Hleðslur mosavaxnar, Við miðja austurhlið túngarðsins, fast við hann eru óljósar tóftir eða dæld, sjá má í hleðslur á susturhlið dældarinnar, hleðsluhæð um 0.50 og breidd um 1 m.

Athugasemdir

Heimildir



Tóftin til hægri á miðri mynd, horft til norðausturs.



Teikning, túngarðurinn, tóftin neðst á teikningunni.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/8

Heiti.....Matjurtagarður 200
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Matjurtagarður
Gps-hnit..... N 064°02.742' W 022°03.691'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Í um 25 m frá Óttarstaðkoti í suður, norðaustan við götuna sem liggur að Óttarsstöðum við hlið sem er á veginum inn á heimaland óttarsstaða og liggur meðfram undirhleðslugirðingu sem liggur í norður frá hliðinu.

Lýsing


Túngarðshleðslan er nokkuð heilleg, hleðslhæð allt 0.80 m en að mestu um 0.40 m, steinastærð 0.20-0.40 m. Hleðslur nokkuð mosavaxnar. Í norðvesturhorni gerðisins mótast fyrir matjurtagarði, sem er aðeins hærri en landið í kring, sem er grasivaxið eins og matjurtagarðurinn og má sjá móta fyrir skiptingu hólfa í garðinum.

Athugasemdir

Heimildir



Horft yfir garðinn sem er í horni túngarðsins til norðvesturs.



Teikning, matjurtagarðurinn efst til vinstri á myndinni.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/9

Heiti.....Brú 169
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Brú
Gps-hnit..... N 064°02.777' W 022°03.687'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Frá túngarðshliðinu á óttarstaðakoti í vestur liggur götuslóði, með upphlaðirnu brú yfir smá gil Brúin er í götuslóðanum á mótis við djúpt jarðfall eða Kerið, þar sem er brunnur.

Lýsing

Gatan sem liggur þarna um 4 m breið. Gatan er þarna upphlaðin er um 3 m á lengd. Hæð hleðslunar er um 0 50 m. Hleðslan er nokkuð heilleg sem snýr að jarðfallinu, en hrunið hefur úr hleðslunni fjær jarðfallinu.

Athugasemdir

Heimildir



Horft til suðurs yfir upphlöðnu brúna.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/10

Heiti.....Matjurtagarður 200
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Matjurtagarður
Gps-hnit..... N 064°02.742' W 022°03.691'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Um 50 m í vestur frá óttarstaðakoti er djúpt jarðfall, Eyðikotsker, eða Kerið. Neðsti því er hlaðinn brunnur og var vatnið jafnan tekið þar. Brunnstígurinn lá frá Kerinu heim til bæjar og er vel sýnilegur.

Lýsing

Brunnopið er sunnan megin í jarðfallinu, undir smá brún sem slútir fram yfir opið sem er um 1 m að stærð, framan við brunninn er um 1 m breiður grasivaxinn flötur, og nemur brunnbarmurinn við þann flöt. Hleðslur í brunnsins sjást þegar horft er niður í hann.


Örnefnaskrá: Hleðslan í bunninum sést enn.

Athugasemdir

Örnefnaskrá: Kerið fyllst alltaf af snjó á veturna.

Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá-Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands, 1980.



Horft til suðuni, brunnurinn til hægri.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/11

Heiti.....Túngarður 069
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Túngarður
Gps-hnit..... N 064°02.765' W 022°03.617'
Aldur.....1864+
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Túngarðurinn er liggur kringum heimatúnið austur af Óttarstaðakoti og fylgir veginum fram hjá því og um 100 m að traðarhliðinu, og þaðan um 40 m að garðlagi sem afmarkar matjurtagarð í vestur.

Lýsing

Samhliða götuslóðanum er túngarðurinn sem er grjóthlaðinn, hleðsluhæð allt að 1 m en yfirleitt nokkuð lægri. Steinastærð um 0.25-0.50 m. Gaðurinn liggur austan við húsið, en hluti af honum vestan við og breiddinn frá götu er um 30m.

Athugasemdir

Heimildir



Horft yfir traðarhliðið til suðausturs, túngarðurinn að hliðinu.



Horft eftir garðinum til austurs.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/12

Heiti.....Hjallabyrgi 269
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Hleðslubyrgi
Gps-hnit..... N 064°02.822' W 022°03.616'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Lélegt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Mikil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Út við sjávarkambinn um 100 m í norður frá Óttarstaðakoti, á smá hól sem er vel sýnilegur í landinu. og er áberandi grjóthrúga upp á hólnum, en það er byrgið sem er fallið.

Örnefnaskrá: Vestan við Eyðikotsvörina er byrgi sem var kallað Hjallabyrgi. Vestan við Eyðikotsvör er allhár stakur klettur í fjörunni, nefndur Snoppa. Sjórinn hefur gengið mjög á þetta land undanfarin ár.

Lýsing

Veggir byrgisins hafa hrundið, en byrgið vel afmarkað í landinu. í byrginu er smá blettur sem er grasivaxinn, þar sem hleðslurnar hafa ekki brunið yfir. Hleðsluhæð um 0.30-0.45 m. Steinastærð er um 0.30 - 0.50 m.

Athugasemdir

Örnefnaskrá: Byrgi þetta var notað frá Eyðikotinu. Á því voru fisktrönur og var þar hert grásleppa og annar fiskur,

Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá-Óttarstaðir, Gullbringusýslu. Örnefnastofnun Íslands 1980.



Horft til norðausturs að byrginu.



Teikning, byrgið

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Óttarstaðakot

164/13

Heiti.....Eyðikotsvör 272 (097)
Tegund.....Heimild
Hlutverk.....Uppsátur
Gps-hnit..... N 064°02.826' W 022°03.598'
Aldur.....1550-1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Talsverð
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Um 400 m í norðaustur frá Eyðikot, austan við Hjallabyrgið sem er á smá grasivöxnum hól við sjávarkambinn. Örnefnaskrá: Eyðikoti tilheyrði sérstök vör, Eyðikotsvör og lá svokölluð Sjávargata frá kotinu að henni.

Lýsing

Norðaustur frá Eyðikotinu austan við Hjallabyrgið. Að vörinni er nokkuð stórgrýtt fjara.

Athugasemdir

Heimildir

Gísli Sigurðsson. Örnefnaskrá-Óttarsstaðir. Gullbringussýslu. Örnefnastofnun Íslands.



Horft til norðurs yfir vörina,

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Óttarstaðakot

164/14

Heiti.....Smiðja og fleiri byggingar
Tegund.....Heimild
Hlutverk.....Smiðja og fleiri byggingar
Gps-hnit..... N^o, W^o
Aldur.....1550-
Ástand.....Horfið
Hættumat.....Nýbyggingar
Hætta.....Talsverð
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Rétt norðan við bæjarhúsin á Óttarstaðakoti.

Lýsing

Þarna hefur verið sléttað, en samkvæmt túnakorti frá 1917 hafa þarna staðið byggingar. Að sögn Lovísu vor byggingarnar sem þarna stóðu voru jafnaðar við jörðu 1948-1949.

Athugasemdir


Heimildir

Lovísa Ásbjörnsdóttir af Óttarsstaðaætt. Óútgefið efni "Hraunin og Hraunafólkið".
Túnakort 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.



Horft í norðaustur að tóft, en byggingarnar hafa staðið við á bak við endavegg hennar


1917.



Túnakort 1917
Óttarstaðir og Óttarstaðkott
2 býli merkt n. og s. Tvískift (Nýjakot með Óttarst.)

1:2000

Túnakort



Kotaklifsvarða

Sigurðarhæð

Eyktarmörk Óttarsstaða
Kort: Lovísa Ásbjörnsdóttir 2009



ÓTTARSSTAÐIR

Götur og gamlar leiðir

Mkv. 1: 10.000


Myndir úr landi Óttarsstaða. Eigandi mynda er Lovísa Ásbjörnsdóttir.



Horft í norður yfir Óttarsstaðabæina 1945-1950.
Óttarsstaðir-vestari til hægri og Óttarsstaðir -austari til vinstri.
Mynd: Ásbjörn Bergsteinsson.



Horft í suðsuðvestur að Óttarsstöðum-austari. Eldhúsbygging til hægri.
Mynd:Ásbjörn Bergsteinsson



Horft í norðvestur að eldhúsbyggingu Óttarsstaða-austari.
 Mynd: Ásbjörn Bergsteinsson. 1950.



Óttarsstaðir-eystri 1976. Eldhúsið til hægri.
 Mynd: Lovísa Ásbjörnsdóttir.



Óttarsstaðir-eystri 2008, eldhústóft til hægri.
Mynd: Lovísa Asbjörnsdóttir.



Íbúðarhús Guðmundar Sigurðssonar bátasmiðs.
Var upphaflega byggt sem offiserabústaður. En flutt að
óttarsstaðavör um 1950. Húsið var rífið um 1985.
Lengst til hægri er bátaréttinn. Mynd: Lovísa Asbjörnsdóttir.



Gert að sel í óttarsstaðavör um 1950.
Mynd: Ásbjörn Bergsteinsson.

Myndir frá Óttarstaðakoti. Myndir í eigu Lovísu Ásbjörnsdóttur.



Byggingarár óttarstaðakots sem er 1864 ásamt
upphafstöfunum BS (Bergsteinn Sveinsson) klappað í undirstöðu
steina hússins.

Mynd: Lovísa Ásbjörnsdóttir.



Óttarstaðakot 1950. Mynd: Ásbjörn Bergsteinsson.



Óttarstaðakot 1976.
Mynd: Lovísa Ásbjörnsdóttir.



Óttarsstaðakot 2008.
Mynd: Lovísa Ásbjörnsdóttir.



ÓTTARSTAÐAKOT - fornleifar

